

**Sþ.**

**717. Tillaga til þingsályktunar**

[312. mál]

um farkennslu í meðferð fiskleitar- og siglingatækja.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Halldór Blöndal, Lárus Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún feli tæknideild Fiskifélags Íslands í samráði við skólastjórn Stýrimannaskólans að koma á fót farkennslu í meðferð og viðgerðum á fiskleitar- og siglingatækjum. Kostnaður allur greiðist úr ríkissjóði.

**Greinargerð.**

Á hverju ári bætast skip í flota Íslendinga, sem búin eru fiskleitar- og siglingatækjum, sem sífellt verða viðameiri og flóknari. Þeir, sem fiskveiðar stunda, eiga nú mest undir hvers konar tækjum, og gildir raunar hið sama um allar siglingar. Er því augljóslega hin mesta nauðsyn, að viðgerðarþjónusta sé góð á sem flestum höfnum í landinu og varahlutir fáanlegir. Þá er ekki síður mikilvægt, að sæfarendur allir séu sem best þjálfaðir í meðferð tækjanna og þeim kennt að gera við þau, a. m. k. hinar smærri bilanir. Enn fremur er nauðsyn, að um borð í skipum séu leiðbeiningabæklingar á íslensku. Stýrimannaskólinn gaf út fyrir 2 árum slíkan bækling, sem gefist hefur mjög vel. Skipstjórnarmenn hafa upplýst flm. um, að þeir hafi afstýrt milljóna aflatjóni, vegna þess að þeir höfðu kynnt sér tækin það rækilega, að þeir gátu annast viðgerð, og höfðu enda leiðbeiningabækling við höndina.

Sú nýbreytni hefur verið tekin upp á Bretlandi, að útbúin var bifreið með hvers konar fiskleitar- og siglingatækjum. Henni er síðan ekið milli þarlandra útgerðarstaða og mönnum kennd meðferð tækjanna og einfaldar viðgerðir á nokkurra daga námskeiði. Hefur aðferð þessi þótt gefast hið besta.

Með tillögu þessari er lagt til, að svipaður háttur verði á hafður hér á landi. Í bifreiðina þyrfti með efna, en trú flm. er sú, að hin ýmsu umboðsfyrirtæki mundu fús og raunar keppast um að lána tæki til kennslunnar og jafnvel menn. Jafnframt þessu þarf að gefa út leiðbeiningarit.